



Landmælingar Íslands Ársskýrsla 2016

National Land Survey of Iceland
Annual Report 2016



Efnisyfirlit

Stjórnsýsla og miðlun	3
Ávarp forstjóra	4
Starfsfólk.....	6
Græn skref	8
Miðlun	9
Grunngerð.....	10
Verkefni	12
Landmælingar	13
Landupplýsingar	15
Stiklað á stóru í sögu Landmælinga Íslands	16
Erlent samstarf	18
Fjármál.....	20
Myndir frá 60 ára afmælisráðstefnu LMÍ.....	25
Annual Report (English summary)	26
Address by the Director General	27
Employees.....	28
Green Steps.....	28
Dissemination	29
Spatial Data Infrastructure.....	29
Surveying.....	30
Spatial data.....	31
International Cooperation.....	32
Finances.....	33
National Land Survey of Iceland - A Brief History.....	34

Útgefandi: Landmælingar Íslands, www.lmi.is
Myndir: Myndsmiðjan Akranesi, starfsfólk Landmælinga Íslands
Forsíðumynd: Mælingar í Vatnsfirði, Flókalundur í baksýn.

Umbrot: Landmælingar Íslands
Prentun: Svansprent
Mars 2017

Stjórnslsla og miðlun

Með nýrri landupplýsingagátt sem nú er einnig aðgengileg í snjalltækjum gefst almenningi í landinu tækifæri til að nýta saman, á einum stað, gögn frá mismunandi stofnunum og opinberum aðilum. Þessi samnýting gagna hefur opnað augu margra fyrir mikilvægi aukins aðgengis opinberra landupplýsinga.



Ávarp forstjóra

Er ekki búið að kortleggja Ísland?

Landmælingar Íslands hafa á að skipa starfsmönnum með sérhæfða menntun og dýrmæta reynslu á sviði landmælinga, landupplýsinga og kortagerðar. Stofnunin á sér einnig merka sögu sem hefur einkennst af góðu samstarfi við fjölmarga einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki hér á landi og erlendis.

Árið 2016 var viðburðaríkt hjá Landmælingum Íslands en þá hélt stofnunin upp á 60 ára afmæli sitt. Af því tilefni var haldin vel sótt afmælisráðstefna á Akranesi og skemmtileg sýning á verkefnum grunnskólabarna á Akranesi þar sem viðfangsefnið var Ísland. Einnig var haldið opið hús fyrir gesti og gangandi og var mjög ánægjulegt hve margir nýttu það tækifæri til að kynna sér starfsemina.

Á 60 ára afmælisráðstefnunni var spurningunni „Til hvers þarf samfélagið korta- og landmælingastofnun?“ velt upp. Það eru eflaust mörg svör við þeirri spurningu en stutta svarið er að samfélagið þarf á því að halda að vita hvar eitthvað er, hvað það heitir og hver á það. Besta leiðin til að skrásetja þessi grundvallaratriði er með landmælingum og gerð fjölbreytilegra korta. Til þess að sinna þessum mikilvægu grunnverkefnum þarf skipulag og sérhæfða fagþekkingu sem er fyrir hendi hjá starfsmönnum Landmælinga Íslands.

„En er ekki búið að kortleggja Ísland?“ er oft spurt. Svarið er að því verkefni mun aldrei ljúka m.a. vegna stöðugra breytinga á landinu af náttúrunnar og manna völdum. Þar má nefna að:

- Reglulega þarf að endurmæla Landshnita- og Hæðarkerfi Íslands vegna mikilla jarðskorpuhreyfinga á Íslandi. Þessi kerfi eru undirstaða margvíslegrar vöktunar, framkvæmda og leiðsögukerfa;
- Vegna hlýnunar loftslags eru jöklar á Íslandi




að minnka og „nýtt“ land kemur undan jöklum. Þessi „nýju“ svæði þarf að kortleggja;

- Á Íslandi skortir enn nákvæm kort sem nýtast t.d. ferðamönnum og björgunarsveitum;
- Þörf er á að kortleggja nákvæmlega strönd Íslands m.a. til að meta yfirvofandi vá vegna hækunar sjávarborðs, vegna nýtingar strandsvæða og skipulags byggðar við ströndina;
- Enn er mikið verk óunnið við að skrá og gera aðgengilegar stafrænar landupplýsingar sem eru dreifðar í íslenska stjórnkerfinu;
- Hið opinbera þarf að búa yfir þekkingu til að eiga viðskipti við einkafyrirtæki sem framleiða landupplýsingar eða veita þjónustu á því sviði.

Framangreind upptalning er ekki tæmandi en gefur vísbendingar um þau verkefni sem nauðsynlegt er að sinna á Íslandi á næstu árum á sviði kortagerðar og landmælinga.

Framundan eru áskoranir sem Landmælingum Íslands er ætlað að sinna fyrir íslenskt samfélag þar sem kröfurnar og tæknin breytast hratt. Áfram verður gott samstarf lykill að góðum árangri í starfi Landmælinga Íslands en mikilvægast af öllu eru og verða vel menntaðir og hæfir starfsmenn.

Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands



Mælingar á grunnstöðvaneti sumarið 2016, myndin er tekin á Rauðasandi.

Starfsfólk



Starfsfólk Landmælinga Íslands.

Starfsfólk LMÍ 31. desember 2016.

Skrifstofa forstjóra

Magnús Guðmundsson,
Guðríður Guðmundsdóttir,
Jensína Valdimarsdóttir,
Jóhanna Hugrún Hallsdóttir,

Svið miðlunar og grunngerðar

Eydís Líndal Finnbogadóttir,
Ásta Kristín Óladóttir,
Carsten Jón Kristinsson,
Guðni Hannesson,
Ragnar Þórðarson
Saulius Prizginas,
Steinunn Aradóttir,

Forstjóri
Matráður
Starfsmannastjóri
Fjármálastjóri

Forstöðumaður
Verkefnastjóri vefþjónusta
Þjónustufulltrúi
Kortagerðarmaður
Sérfræðingur landupplýsinga
Sérfræðingur landupplýsinga
Skjalastjóri

Svið mælinga og landupplýsinga

Gunnar Haukur Kristinsson,
Anna Guðrún Ahlbrecht,
Bjarney Guðbjörnsdóttir,
Dalia Prizginiene,
Guðmundur Valsson,
Haflíði Sigtryggur Magnússon,
Ingvar Matthíasson,
Jóhann Helgason,
Kolbeinn Árnason,
Kristinn Guðni Ólafsson,
Rannveig Lydia Benediktsdóttir,
Sigrún Edda Árnadóttir,
Steinunn Elva Gunnarsdóttir,
Þórarinn Sigurðsson,
Þórey Dalrós Þórðardóttir,

Forstöðumaður
Gæðastjóri
Sérfræðingur landupplýsinga
Sérfræðingur landmælinga
Verkefnastjóri landmælinga
Verkefnastjóri tölvukerfis
Sérfræðingur fjarkönnunar
Sérfræðingur landupplýsinga
Verkefnastjóri fjarkönnunar
Tækniamaður
Verkefnastjóri örnefna
Sérfræðingur landupplýsinga
Verkefnastjóri landupplýsinga
Verkefnastjóri landmælinga
Sérfræðingur landupplýsinga

85% starfsmanna Landmælinga Íslands sóttu endurmenntun á árinu

Fræðsla

Á árinu 2016 samþykktu Landmælingar Íslands nýja fræðslustefnu. Í stefnunni kemur fram að stofnunin vilji auka faglega þekkingu og hæfni með því að gefa starfsfólki kost á fræðslu og þjálfun. Eftir því sem starfsfólk er færara um að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni því hæfari verður stofnunin til að sinna framtíðarverkefnum sínum og forystuhlutverki. Þá segir í stefnunni að þess sé vænst að starfsfólk hafi frumkvæði að endurmenntun og afli hennar í samráði við stjórnendur.

Á árinu 2016 sóttu 85% starfsmanna endurmenntun og er það í samræmi við þau markmið sem stofnunin setur sér.

Miðlun þróunar og þekkingar

Lögð hefur verið áhersla á að starfsfólk skrásetji faglega þekkingu sína og miðli henni með þeim hætti að samstarfsfólk geti nýtt sér s.s. með fræðsluviðburðum innanhúss. Einnig hvetur stofnunin starfsfólk til að miðla þekkingu sinni til samstarfsfólks með óformlegum hætti t.d. við notkun hugbúnaðar og við úrlausnir verkefna.

Landmælingar Íslands fyrirmýndarstofnun 2016

Mikilvægasta auðlind fyrirtækja og stofnana er mannauðurinn. Öflugur hópur starfsfólks með áralanga reynslu og fjölbætta þekkingu hefur leitt stofnunina í fremstu röð á sínu sviði. Samstilltur hópur starfsfólks tekur þátt í að gera góðan vinnustað betri með góðum samskiptum, opnu hugarfari og jákvæðni. Í könnuninni Stofnun ársins 2016 urðu Landmælingar Íslands í þriðja sæti í flokki meðalstórra stofnana og teljast því í fimmta sinn til fyrirmýndarstofnana. Í könnuninni, þar sem svarhlutfall Landmælinga Íslands var 85%, mældust allir þættir sem hafa með vinnuumhverfi að gera



Niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins leiddi í ljós að LMÍ eru Fyrirmýndarstofnun 2016.

með einkunn yfir fjórum af fimm mögulegum. Ánægja og vellíðan endurspeglast í starfsmannaveltu sem á undanförunum árum hefur verið mjög lág enda er eitt af markmiðum Landmælinga Íslands að vera góður vinnustaður þar sem starfsfólki líður vel og er ánægt í starfi.

Græn skref




Landmælingar Íslands hafa frá árinu 2012 skilað niðurstöðum í Grænt bókhald ríkisins. Samhliða því hafa umhverfismál skipað stóran sess hjá stofnuninni. Árið 2014 hóf stofnunin þátttöku í Grænum skrefum í ríkisrekstri og í maí 2016 tók forstjóri Landmælinga Íslands við viðurkenningu frá umhverfis- og auðlindaráðherra þar sem öllum fimm Grænu skrefunum hafði verið náð. Viðurkenningin var afhent á afmælisráðstefnu stofnunarinnar.

Helstu aðgerðir og leiðir Landmælinga Íslands vegna Grænna skrefa eru:

- Við færum Grænt bókhald og nýtum okkur niðurstöður þess til að bera okkur saman við aðra og setja okkur markmið;
- Við erum með Grænt teymi sem kemur saman reglulega til að ræða og ákveða næstu skref í umhverfismálum;
- Við erum með samþykktu umhverfisstefnu sem allir starfsmenn þekkja til;
- Við setjum okkur mælanleg markmið í umhverfismálum ásamt framkvæmdaáætlun, fylgjum eftir og yfirförum reglulega;
- Við erum með skjalfestar verklagsreglur sem tryggja að lagakröfur á sviði umhverfismála séu uppfylltar og að dregið sé úr umhverfisáhrifum þýðingarmikilla umhverfisþátta;
- Við kynnum og miðlum umhverfisstarfi okkar bæði innan og utan stofnunar;
- Við hvetjum starfsmenn til að lágmarka t.d. pappírshotkun og rafmagnshotkun;
- Við hvetjum starfsmenn til að nota vistvænan ferðamáta til og frá vinnu;
- Við flokkum allan úrgang;
- Við kaupum alltaf umhverfismerkta vörur og þjónustu ef hægt er.



Miðlun




Landmælingar Íslands hafa á síðustu árum lagt aukna áherslu á miðlun upplýsinga og gagna sem verða til hjá stofnuninni. Þessi gögn hafa frá árinu 2013 verið án endurgjalds og öllum opin til niðurbals á heimasíðu stofnunarinnar. Þannig hafa notendur verið settir í forgang og aukin áhersla lögð á að stofnunin sé til fyrir samfélagið en ekki fyrir sjálfa sig. Á árinu 2016 var lögð mikil vinna í að skipta um þau kerfi og hugbúnað sem keyrt hafa kortasjár stofnunarinnar. Ein helsta ástæða breytinganna var sú að kortasjárnar sem stofnunin rak voru ekki aðgengilegar í snjalltækjum. Í árslok 2016 voru því opnaðar þrjár nýjar kortasjár sem allar eru byggðar á opnum hugbúnaði. Þannig er um leið komið til móts við stefnu stjórnvalda um aukna áherslu á opinn hugbúnað. Kortasjárnar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar

og eru meðal þess vinsælasta á heimasíðunni. Á heimasíðunni má einnig finna kortasafn, loftmyndasafn og margvíslegt annað efni sem höfðar til notenda. Í könnun sem gerð var á haustmánuðum kom í ljós að flestir notendur heimasíðu Landmælinga Íslands eru að leita að ýmis konar kortagögnum og örnefnum. Flestir gera það í tengslum við áhuga sinn á kortagögnum s.s. vegna útivistaráhuga. Með könnun á notkun og viðhorfi manna á heimasíðu Landmælinga Íslands eru starfsmenn stofnunarinnar að fylgjast með hvernig huga megi betur að miðlun efnis og mæta þörfum notenda. Þá var í könnuninni spurt um traust til Landmælinga Íslands og í ljós kom að yfir 90% svarenda bera mjög mikið eða mikið traust til stofnunarinnar.

90% þeirra sem tóku þátt í könnun um vefsíðu LMÍ bera mjög mikið eða mikið traust til stofnunarinnar

Hvers konar efni ert þú að leita að þegar heimsækir vefsíðu LMÍ?





Grunngerð

Grunngerð landupplýsinga

Landmælingar Íslands fara með framkvæmd laga um grunngerð stafrænna landupplýsinga á Íslandi. Meginmarkmið laganna er að veita opin og/eða umsjón opinberra aðila. Á árinu 2016 var áhersla lögð á að ná til þeirra um 40 stofnana sem helst fara með slík gögn og ýta á eftir lýsigagnaskráningu á vefsíðu Landmælinga Íslands. Nokkrar stofnanir voru aðstoðaðar á árinu við skráningu lýsigagna og gagnaskipulag. Í lok árs 2016 voru 142 gagnasett frá opinberum aðilum með skráð lýsigögn inni í lýsigagnagáttinni.


Bæklingur um grunngerð landupplýsinga

Upplýsingabæklingur um grunngerð landupplýsinga var gefinn út á vef Landmælinga Íslands á haustmánuðum 2016. Bæklingnum er ætlað að útskýra á einfaldan hátt í hverju verkefnið grunngerð stafrænna landupplýsinga á Íslandi felst. Settar eru fram skýringarmyndir til að sýna ferlið

við samtengingu landupplýsinga auk þess sem fjallað er um samtengingu við INSPIRE-tilskipun Evrópusambandsins. Bæklingurinn er hugsaður fyrir þá sem hafa opinberar landupplýsingar í umsjón sinni hvort heldur sem er stofnanir eða sveitarfélög.

Samræming landupplýsinga


Unnið var að breytingum á landupplýsingakerfi Landmælinga Íslands á árinu 2016. Með kerfisbreytingum var skipt út þeim hugbúnaði sem nýttur hefur verið á síðustu árum og var áhersla lögð á opin hugbúnað. Þessar breytingar voru m.a. gerðar til að auðvelda samræmingu íslenskra landupplýsinga við kröfur INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins. Með þessari samræmingu eru gögn frá Íslandi orðin samanburðarhæf við önnur gögn Evrópulanda og um leið eru kröfur INSPIRE-tilskipunarinnar um aðgengi að gögnum uppfylltar. Samræming gagna er flókið ferli þar sem mæta þarf tæknilegum kröfum og fylgja stöðlum.



2900 kort eru skráð í Kortasafn LMÍ

Tæknin auðveldar innleiðingu

Í tengslum við kerfisbreytingar hjá Landmælingum Íslands var á árinu tekinn í notkun nýr hugbúnaður fyrir Landupplýsingagáttina sem kallast Oskari. Jafnframt því var GeoNetwork hugbúnaður tekinn í notkun fyrir skráningu lýsigagna. Með þessum hugbúnaði er auðveldara að tengja saman lýsigögn landupplýsinga og birtingu þeirra. Með nýju viðmóti Landupplýsingagáttar gefst almenningi tækifæri til að nýta saman gögn frá mismunandi stofnunum og opinberum aðilum. Þessi samnýting gagna hefur opnað augu margra fyrir mikilvægi aukins aðgengis opinberra landupplýsinga og hafa m.a. nefndir á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nýtt sér þessa yfirsýn á landupplýsingum í vinnu sína. Með auðveldu aðgengi að landupplýsingum frá mismunandi aðilum er hægt að fá heildarsýn sem annars fengist ekki auðveldlega. Með tilkomu nýrrar tækni er óhætt að segja að innleiðing og skilningur á grunngerð landupplýsinga meðal opinberra aðila á Íslandi sé að aukast.



Verkefni

Hreinn Haraldsson Vegamálastjóri og Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands framkvæmdu fyrstu mælinguna í endurmælingu landshnitakerfisins á Valhúshæð á Seltjarnarnesi. Mælipunkturinn hefur verið einn af grunnpunktum í landmælingum á Íslandi frá árinu 1904.



Landmælingar



Endurmæling Landshnitakerfis Íslands

Sumarið 2016 fór fram endurmæling á Landshnitakerfi Íslands. Landshnitakerfið er grunnkerfi í öllum nákvæmum mælingum á landinu og er notað t.d. við framkvæmdir, nákvæma kortagerð eða vöktun eldfjalla. Mældir voru um 150 punktar. Auk þess voru notuð mæligögn frá um 100 föstum mælistöðvum en Landshnitakerfið hefur verið mælt tvisvar áður með GPS-tækni, fyrst árið 1993 og svo aftur árið 2004.

Að þessu sinni fór mælingin fram á tímabilinu maí – september og var landinu skipt í mælingablokkir sem mældar voru á fimm dögum hver og var verkinu að mestu leyti sinnt af mælingamönnum Landmælinga Íslands.

Til verkefnisins fékkst sérstök fjárveiting úr ríkissjóði en Vegagerðin studdi einnig myndarlega við verkefnið auk Landsvirkjunar og Landhelgisgæslunnar. Fyrir

í hraða eða stefnu. Þar má m.a. sjá að hreyfingar í kringum upptök Suðurlandsskjálftanna 2008 eru allt aðrar en annars staðar á landinu. Hreyfingar norðan Vatnajökuls skera sig einnig nokkuð úr en þar má merkja áhrif eldgossins í Holuhrauni 2014-2015.

Talsverðar hæðarbreytingar hafa einnig orðið á þessu 12 ára tímabili. Þar má m.a. nefna ris á Vatnajökli og umhverfis hann og má leiða líkur að því að þar séu að koma fram áhrif þynningar jökulsins en einnig aukinnar kvikumyndunar undir honum. Mest mældist risið í Jökulheimum eða um 40 cm. Til samanburðar var risið þar á tímabilinu 1993 til 2004 um 20 cm. Þá er áhugavert að skoða mikið landsig í kringum helstu jarðhitavirkjanir landsmanna í Hengli og á Reykjanesi en þar nemur sigið yfir 1 cm á ári, eða 18 cm síðan 2004 þegar það mældist mest. Loks er vert að skoða hæðarbreytingar meðfram



Björgunarsveitarmenn aðstoða Jón Erlingsson mælingamann við að komast að mælingapunkti í Geithellnadal.

þessar stofnanir er augljós ávinningur af því að viðhalda nákvæmni kerfisins og hið sama gildir um ýmsar aðrar stofnanir, sveitarfélög og einkafyrirtæki sem tengja landmælingar við hnitakerfið t.d. við kortagerð, skipulagsmál og verklegar framkvæmdir. Frumniðurstöður þessara mælinga lágu fyrir í lok desember og kom þar í ljós að landið rekur áfram í sundur með mjög jöfnum hraða eða um 1 cm á ári í hvora átt. Þetta er þó ekki algilt því á virkustu svæðum landsins og þar sem jarðhræringar eru hvað mestar er þessi jafna hreyfing ekki eins afgerandi

ströndinni þar sem þær geta ýmist unnið með eða gegn áhrifum hækkandi sjávarborðs.

Mjög mikilvægt er að ný viðmiðun komist sem fyrst í notkun hjá framkvæmdaaðilum því gera má ráð fyrir að bjögun í nógildandi viðmiðun (ISN2004) sé 20-60 cm og bjögun ISN93 sé 40-90 cm. Unnið er að því að ISN 2016 verði svokölluð hálfhreyfanleg viðmiðun sem gera mun ráð fyrir hreyfingum jarðskorpunnar og því viðhalda nákvæmni lengur en eldri viðmiðanir.

Jarðstöðvakerfi


Jarðstöðvakerfi Landmælinga Íslands er lykilþáttur í því að hægt verði að hafa hálfhreyfanlega viðmiðun á landinu. Hlutverk jarðstöðvakerfisins er einnig að auðvelda og bæta allar landmælingar á landinu, hvort sem um er að ræða framkvæmdamælingar eða vöktun á náttúru landsins. Notendur geta nýtt gjaldfrjáls gögn frá jarðstöðvunum til að leiðrétta eigin gögn, hvort sem er í rauntíma eða til leiðréttinga eftir á.

Á árinu bættust tvær stöðvar við jarðstöðvakerfið, en það eru stöðvar sem reknar eru af Veðurstofu Íslands, við Selfossflugvöll og í Nýlendu á Reykjanesi. Alls eru jarðstöðvarnar í kerfi Landmælinga Íslands því orðnar 18 talsins en markmið stofnunarinnar er að fullbúið jarðstöðvakerfi hafi 31 stöð í rekstri til að tryggja þær kröfur um nákvæmni sem hægt er að gera til slíks kerfis.

Sjávarhæðarmælingar og Landshæðarkerfi

Hækkun hitastigs sjávar og bráðnun íss á norðurslóðum er nokkuð sem mun óhjákvæmilega stuðla að hækkun sjávarborðs í heiminum öllum. Til þess að fylgjast með sjávarborðinu er mikilvægt að þétta net sjávarhæðarmæla á landinu og tengja þá við þekkta hæðarpunkta og Landshæðarkerfi landsins ISH2004. Landmælingar Íslands hafa lagt áherslu á að strandlína Íslands, sem byggð verður á meðalsjávarhæð, verði reiknuð. Virkir og innmældir sjávarhæðarmælar sem staðsettir eru við ströndina hringinn í kringum landið allt eru ein af forsendum þess að það sé mögulegt.

Á árinu 2016 var sjávarhæðarmælir í Reykjavíkurbhöfn endurmældur og kvarðaður og sýndu mælingarnar að mælirinn hafi sigið um 1,6 cm frá síðustu mælingu árið 2008 sem sýnir vel fram á mikilvægi þess að mæla og kvarða sjávarhæðarmælanana reglulega.



Staða á uppbyggingu jarðstöðvakerfis (IceCORS) Landmælinga Íslands.

Landupplýsingar



IS 50V

IS 50V hefur um langt árabíl verið einn mest notaði kortagrunnur landsins og fjöldi útgefina korta og kortaþjónusta byggja að öllu leyti eða að hluta á gögnum IS 50V grunnsins. Sem dæmi um vinsældir kortagrunnsins má nefna að 4.456 sinnum var einhverju af gagnalögum hans halað niður á árinu 2016 frá vefsíðu Landmælinga Íslands. Þar voru hæðargögnin vinsælust með 923 niðurhöl en öll notkun IS 50V grunnsins er án gjaldtöku. Grunnurinn er í stöðugri uppfærslu en á árinu var þó mest um að ræða leiðréttingar og lagfæringar á

örnefnaskráningar yfir allar jarðir í þeim átta hreppum sem félagið nær til. Vinna við örnefnaskráninguna hófst formlega árið 1993 en innskráning í gagnagrunn hófst árið 2010. Alls hafði yfir 13.000 örnefnum verið safnað á svæðinu og eru þau nú öll komin í Örnefna- og Kortasjá Landmælinga Íslands.

Örnefnagrunnurinn er aðgengilegur öllum án gjaldtöku og eru nú þegar um 110.000 örnefni í honum.



Hengill

gögnum auk nýskráninga örnefna. Sem dæmi um breytingar má nefna að mannvirkjapunktum var fjölgað um rúmlega 2000 og sveitarfélagamörk á höfuðborgarsvæðinu voru uppfærð. Til þess að koma þessum uppfærslum til notenda er grunnurinn gefinn út tvisvar sinnum á ári, í byrjun sumars og fyrir árslok.

Örnefnagrunnur

Á árinu 2016 störfuðu tveir starfsmenn stofnunarinnar í fullu starfi við skráningu örnefna og aðstoð við skráningaraðila utan stofnunarinnar. Staðkunnugir heimildarmenn, flest eldra fólk, gegnir lykilhlutverki við staðsetningu örnefna og ekki væri mögulegt að staðsetja þau úr örnefnalýsingum jarða með jafn mikilli vissu og hraða án þeirra. Breytingar í atvinnuháttum og tækni á undanförunum áratugum hafa orðið til þess að þekking manna á örnefnum hefur minnkað og vitneskja um þau er hætt að ganga mann fram af manni líkt og áður var.

Í nóvember 2016 afhenti Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum Landmælingum Íslands

Hæðarlíkan

Hæðarlíkan Landmælinga Íslands var uppfært á árinu fyrir um 38% landsins eða rúmlega 39.000 km². Nýju gögnin eru af ýmsum toga, m.a. gögn sem byggja á Lidar-tækni og þekja nær alla jökla landsins og næsta umhverfi. Einnig voru nýtt gögn sem safnast hafa á undanförunum áratugum vegna virkjanaf framkvæmda á hálendi landsins. Eldra hæðarlíkan Landmælinga Íslands hafði 20 m upplausn, þ.e. hver myndeind var 20x20 m að flatarmáli en það nýja hefur 10 m upplausn.

Polar Geospatial Center í Bandaríkjunum gaf út hæðarlíkan af Íslandi með 2 metra upplausn í lok ársins og er það byggt á gervitunglamyndum sem unnar eru með nýjustu tækni. Hæðarlíkanið er framlag Bandaríkjanna til rannsókna á Norðurskautssvæðinu og tengist Arctic SDI samstarfi átta kortastofnana frá aðildarlöndum Norðurskautsráðsins, Landmælinga Íslands þar á meðal. Starfsmenn Landmælinga Íslands hafa komið að gæðaprófun á hæðarlíkaninu auk þess að gera viðmiðunarmælingar til þess að auka nákvæmni þess. Eftir er vinna hjá stofnuninni við að sannreyna líkanið og bæta þar sem þess er þörf.

Stiklað á stóru í sögu Landmælinga Íslands

Aðdragandi að stofnun Landmælinga Íslands 1900-1956

Sögu verkefna Landmælinga Íslands má rekja aftur til aldamótanna 1900 þegar landmælingadeild



Danskir landmælingamenn við mælingar á Íslandi.

danska herforingjaráðsins (síðar Geodætisk Institut) hóf landmælingar og kortagerð hér á landi. Verkefnið stóð yfir á árunum 1900 til 1940 og var afraksturinn m.a. um 670 kortatitlar og þar af voru 227 gefnir út. Ágúst Böðvarsson, síðar forstjóri Landmælinga Íslands, átti svo frumkvæði að því árið 1951 að hefja töku og gerð loftmynda til kortagerðar. Árið 1955 stóð NATO fyrir landmælingum á Íslandi en afurðir verkefnisins voru m.a. nýtt þríhyrningamælinet af öllu Íslandi (Hjörsey 1955) og flokkur staðfræðikorta í mælikvarða 1:50 000.

Landmælingar Íslands í Reykjavík 1956-1998

Landmælingar Íslands voru stofnaðar árið 1956 en stofnunin hafði verið hluti Vegagerðar ríkisins. Helstu verkefni nýrrar stofnunar voru á sviði



Tjaldbúðir mælingamanna.

landmælinga, loftmyndatöku og gerð korta af Íslandi. Árið 1963 hætti Geodætisk Institut kortagerðarvinnu fyrir Íslendinga og tveimur árum síðar var allur lager og filmur Íslandskortanna keyptur af Dönum. Árið 1973 fengu Landmælingar Íslands útgáfu- og höfundarrétt á kortunum. Árið 1985 voru Landmælingum Íslands í fyrsta sinn sett lög en með endurskoðun á lögnum árið 1990 færðist stofnunin frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Árið 1991 eignuðust Landmælingar Íslands tækjabúnað til vinnslu gervitunglamynda og ári seinna eignaðist stofnunin gervitunglamyndir af öllu landinu. Sumarið 1993 var nýtt grunnstöðvanet mælt (ISN93) þar sem mælinganetið Hjörsey 1955 fullnægði ekki lengur kröfum.

Landmælingar Íslands á Akranesi 1999-2016

Árið 1996 tilkynnti þáverandi umhverfisráðherra um fyrirhugaðan flutning Landmælinga Íslands til Akraness. Þetta var mikið hitamál en niðurstaðan varð sú að stofnunin var flutt og tók til starfa á Akranesi 1. janúar 1999. Árinu áður höfðu Landmælingar Íslands hafið vinnu við gerð stafræns kortagrunns fyrir Ísland og kom fyrsta útgáfa IS 50V út í árslok 2003. Árið 2000 var loftmyndaflugi á vegum Landmælinga Íslands hætt og lauk þá hálftrar aldar sögu loftmyndatöku hjá stofnuninni en loftmyndir í eigu stofnunarinnar telja um 140 þúsund myndir. Árið 2004 var Grunnstöðvanetið (ISN93) endurmælt



og samhlíða því var gefin út viðmiðunin ISN2004. Frá árunum 2002-2006 stóðu Landmælingar Íslands fyrir sameiginlegum kaupum stofnana á SPOT-5 gervitunglamyndum og var afraksturinn m.a. myndabekja af öllu landinu. Með erlendu samstarfi á síðari árum hafa fleiri fjarkönnunargögn bæst við. Árið 2006, á fimmtugasta afmælisári Landmælinga Íslands, lagði umhverfisráðherra fram nýtt

2013 voru öll gögn í eigu LMÍ gerð gjaldfrjáls

frumvarp um landmælingar og grunnkortagerð og tóku nýju lögin gildi 1. janúar 2007. Með lögunum var Landmælingum Íslands ekki lengur heimilt að framleiða og selja prentuð kort og lauk þar með hartnær hálfri aldar sögu stofnunarinnar á því sviði.

Landmælingar Íslands gerðust árið 2007 aðili að CORINE-verkefninu (Coordination of Information on the Environment), samevrópsku verkefni þar



Eydis L. Finnbogadóttir kynnir fyrstu útgáfu IS 50V árið 2003.

sem landgerðir í Evrópu eru flokkaðar á sama tíma og með sömu aðferðum. CORINE-verkefnið hefur gefið góða mynd af landbreytingum á Íslandi síðan árið 2006 s.s. í kringum byggingarsvæði og vegna hörfunar jökla.

Í maí 2007 tók INSPIRE-tilskipun Evrópuráðsins og Evrópuþingsins gildi. Markmið INSPIRE er að opinberar landfræðilegar upplýsingar verði öllum aðgengilegar og snertir verkefnið öll ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. Árið 2011 voru lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar (nr. 44/2011) samþykkt á Alþingi en með lögunum eru grundvallaratriði INSPIRE-tilskipunarinnar innleidd og fara Landmælingar Íslands með framkvæmd laganna.

Árið 2011 gáfu Landmælingar Íslands út í fyrsta sinn sameiginlegt hæðarkerfi fyrir Ísland (Landshæðarkerfi Íslands) en mælingar stódu yfir í 18 sumur í samvinnu við Vegagerðina og Landsvirkjun.

Samræmt hæðarkerfi er m.a. mikilvægt fyrir ýmsar framkvæmdir og umhverfsvöktun. Uppbygging IceCORS-jarðstöðvakerfis er mikilvægur þáttur í viðhaldi og vöktun á grunnstöðva- og hæðarneti landsins en Landmælingar Íslands eru nú með 18 jarðstöðvar í jarðstöðvaneti sínu.

Vegna aukinnar kröfu um aðgengi að gögnum ákvað þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, í samvinnu við Landmælingar Íslands, að öll gögn í eigu stofnunarinnar yrðu gjaldfrjáls og tók sú ákvörðun gildi 23. janúar 2013. Í kjölfarið hefur eftirspurn eftir landupplýsingagögnum stofnunarinnar stóraukist og notkun margfaldast.

Á síðustu áratugum hefur verið gert átak í skráningu, skönnun og bættu aðgengi að því safni korta, ljósmynda og loftmynda sem til er hjá Landmælingum Íslands.

Í desember 2015 náðist sá áfangi að yfir 100.000 örnefni höfðu verið skráð í örnefnagrunn Landmælinga Íslands. Fyrstu heildarlög um örnefni voru samþykkt á Alþingi árið 2015. Samkvæmt lögunum sjá Landmælingar Íslands um skráningu, viðhald og miðlun örnefnagrunns og gera almenningi kleift að skrá örnefni í sérstakan gagnagrunn.



Frá endurmælingu grunnstöðvanetsins árið 2004. Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra ásamt Magnúsi Guðmundssyni forstjóra LMÍ og Þórunni Sigurðssyni mælingaverkfræðingi.



Erlent samstarf

Evrópskt samstarf

Samstarf korta- og fasteignastofnana á Norðurlöndunum og í Evrópu á sér langa sögu. Víða eru korta- og fasteignastofnanir ein og sama stofnunin og kemur það einkum til vegna samtenginga fasteignaupplýsinga við kortagrunna í tengslum við skattlagningu í gegnum aldirnar. Landmælingar Íslands eru aðili að Evrópusamtökum korta- og fasteignastofnana ásamt Þjóðskrá Íslands. Samtökin sem nefnast EuroGeographics hafa verið leiðandi á sviði samræmingar kortaupplýsinga í Evrópu og hafa m.a. skipað stóran sess í innleiðingu INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins.

Norrænt samstarf

Samstarf við aðra á sviði kortamála er mikilvægt fyrir jafn sérhæfða stofnun og Landmælingar Íslands. Mjög náið samstarf er við norrænar korta- og fasteignastofnanir en sérfræðingahópur þessara landa hefur ávallt unnið að sameiginlegum verkefnum s.s. á sviði landmælinga, staðla, fjarkönnunar og kortagerðar. Ýmsir norrænir vinnuhópar eru í gangi innan norræna samstarfsins enda er það samstarf rekið með skilvirkum hætti skv. sérstökum samstarfssamningi.

Norðurslóðasamstarf

Samstarf um uppbyggingu landupplýsinga á norðurslóðum hefur verið stór þáttur í alþjóðlegu samstarfi Landmælinga Íslands síðustu árin. Aukinn áhugi manna á breytingum sem eru að verða á norðurslóðum í tengslum við hnattræna hlýnun hefur sett meiri kröfur á samnýtingu þeirra



Fundur Arctic SDI verkefnisins hjá LMÍ.

landupplýsinga sem til eru af svæðinu. Aukinn áhugi hefur jafnframt beint sjónum manna að mikilvægi þess að afla frekari gagna um svæðið og nýta betur þau gögn sem hver þjóð, sem á landsvæði á norðurslóðum, kann að hafa. Samvinnuverkefni Bandaríkjanna, Rússlands, Kanada, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur (þar með talið Grænland og Færeyjar) og Íslands um uppbyggingu



Hópmýnd af þátttakendum á fundi norræna kortastofnana sem haldinn var í Keflavík.

Copernicus

áætlunin er viðamesta umhverfisvöktunarkerfi jarðar

grunngerðar landupplýsinga á norðurlóðum undir heitinu Arctic SDI hefur nú þegar veitt aðgengi að bættum kortagögnum og aukid aðgengi að samræmdum kortagögnum.

Þróunarsjóður EFTA

Í tengslum við þróunarsjóð EFTA hafa Landmælingar Íslands tekið þátt í tveimur verkefnum á síðustu árum, annars vegar í Slóveníu og hins vegar í Portúgal. Bæði þessi verkefni tengjast grunngerð landupplýsinga.

Í Slóveníu var áhersla verkefnisins þríþætt; að bæta landmælingakerfi landsins, bæta kortagögn landsins með tilliti til flóðahættu og að koma á bættu aðgengi að landupplýsingum til notkunar við flóðavarnir. Heiti verkefnisins var því tengt en það var: „Modernization of spatial data infrastructure to reduce risks and impacts of floods“. Verkefninu í Slóveníu lauk í lok árs 2016 og náðist að ljúka þeim meginmarkmiðum sem sett voru í upphafi verksins (<http://www.gurs-egp.si/eng/>).



Í Portúgal snerist verkefnið um að samtengja landupplýsingar hafsins undir heitinu SNIMAR en Portúgalar eiga mjög stór landsvæði í hafi. Grunngerð landupplýsinga hafsins er jafnvel enn mikilvægari en á landi þar sem hafsvæðin eru mjög stór og lítið er vitað um þau. Samtenging og aðgengi að þeim gögnum sem þegar eru til eru því mikilvægt verkefni.

Copernicus

Landmælingar Íslands eru fulltrúi Íslands í Copernicus-áætlun Evrópusambandsins en sú áætlun er viðamesta vöktunarkerfi heims er varðar umhverfisupplýsingar. Markmið Copernicus er að vaktast stöðu umhverfisins á landi, sjó og lofti og stuðla um leið að bættu öryggi jarðarbúa t.d. með því að segja fyrir um flóð eða fárviðri og skipuleggja neyðarstarf vegna skógarelda eða jarðskjálfta. Til að safna nauðsynlegum upplýsingum rekur Copernicus fjölda gervitungla auk mæla á jörðu niðri en styðst einnig við gögn frá öðrum. Ljóst er að áætlunin mun verða mikilvæg Íslendingum á næstu árum t.d. til vöktunar á hafsvæðinu í kringum landið og til að meta áhrif hnattrænnar hlýnunar en áætlunin nær yfir vöktun á: loftgæðum jarðarinnar, vöktun sjávar, vöktun á yfirborði lands, loftslagsbreytingar, viðbrögð við hamförum og öryggismál

Sameinuðu þjóðirnar og landupplýsingar

Frá árinu 2011 hafa Sameinuðu þjóðirnar unnið að samstarfi á sviði landmælinga og landupplýsinga meðal allra aðildarþjóða sinna undir formerkjum GGIM (Global Geospatial Information Management). Aðild að því samstarfi hafa aðallega átt korta- og fasteignastofnanir, hagstofur og ráðuneyti í aðildarlöndunum. Tilfnið er að auka samstarf, samræmd vinnubrögð og skilning á því að landupplýsingar og kortagögn skipta miklu máli m.a. til að bregðast við aukinni tíðni náttúruhamfara og áfalla í heiminum og til að styðja við markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni til ársins 2030. Landmælingar Íslands hafa verið virkur þátttakandi í þessu verkefni frá upphafi og fylgjast vel með framvindu GGIM verkefnisins.

Fjármál



Skessuhorn

Fjármál og rekstur



Rekstur Landmælinga Íslands á árinu 2016 gekk vel. Fjármálin voru í góðu jafnvægi og var unnið eftir fastmótuðum ferlum við að greina frávik og bregðast við þeim.

